

4. Einkabifreiðar:		25
a. Læknabifreiðar	400 lítra	18. febr.
b. Almenn stærð, 5—6 manna	200 —	
c. Smábifreiðar, 3—4 manna	150 —	
d. Bifhjól	30 —	

B. Vörubifreiðar:

1. Vörubifreiðar, 2 tonn og stærri	1650 —
2. Vörubifreiðar, 1½ tonn	1200 —
3. Vörubifreiðar, smábifreiðar	200 —

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda fiskibátum benzínskömmtunarhefti eftir nánari fyrir-
mælum sem ráðneytið setur.

3. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mann-
flutninga að næturlagi eftir samkomulagi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði, nr. 19
5. marz 1935.

26

22. febr.

Gjöld samkvæmt 9. gr. hafnarreglugerðarinnar skulu frá í dag innheimtast með
100% viðauka.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 28. janúar
1935, um hafnargerð á Hornafirði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut
eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 219 21. des. 1939, um breyting á reglugerð nr. 133
28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

27

25. febr.

1. gr.

Í stað orðanna „af brunabótamati þeirra“ í 6. málsg. kaflans um fyrningu
í 1. gr. reglugerðarinnar komi: af fasteignamati þeirra.

Upptalningin á fyrningarhundraðshlutanum í kaflanum um byggingar breyt-
ist svo: Fyrningin á steinhúsum verði 2% og á timburhúsum 4%.

27

25. febr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1943.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

28

25. febr.

REGLUGERÐ

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Fyrst um sinn, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan sumar-tímareikning á Íslandi yfir bjartari mánuði ársins þannig, að klukkan verði á þeim tíma færð fram um eina klukkustund frá íslenskum meðaltíma. Kemur þetta þannig til framkvæmda, að klukkan 1 aðfaranótt fyrsta sunnudags í marzmánuði ár hvert færist klukkan fram og verður 2, og klukkan 2 aðfaranótt fyrsta sunnudags í vetri færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður eitt.

Dómsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

29

26. febr.

REGLUR

um innheimtu útsvara í Reykjavík árið 1943.

1. gr.

Sérhver útsvarsgreiðandi í Reykjavík, sem gjaldskyldur er við aðalniður-jöfnun árið 1943, skal greiða upp í útsvar þessa árs 45% af útsvarsupphæð þeirri, er honum bar að greiða árið 1942, með gjalddögum 1. marz, 1. apríl og 1. maí 1943, 15% af útsvarinu 1942 hverju sinni.

2. gr.

Allar greiðslur samkvæmt þessum reglum skulu standa á heilum eða hálfum tug króna og þannig jafnað á gjalddagana, að greiðslurnar þrjár verði sem næst 45% af útsvarinu 1942.

3. gr.

Nú eru greiðslur samkv. reglum þessum ekki inntar af höndum 15 dögum eftir gjalddaga og skal gjaldþegn þá greiða dráttarvexti af því sem ógreitt er, 1% á mánuði eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga unz greitt er.

Þó verður sá gjaldþegn ekki krafinn um dráttarvexti, sem greiðir að fullu 45% af útsvarinu 1942 fyrir 20. apríl 1943.

4. gr.

Nú er sýnt, að tekjur gjaldanda árið 1942 samkv. skattaframtali hafi verið minni en árið 1941, svo að muni 30% eða meira, og skal þá lækka greiðslur hans samkvæmt reglum þessum hlutfallslega, ef hann krefst þess.